

**ERINDISBRÉF  
FYRIR  
ATVINNUMÁLANEFND EYJAFJARÐARSVEITAR**

**I. kafli.  
Skipan nefndarinnar og hlutverk.**

**1. gr.**

Atvinnumálanefnd er skipuð af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum bæjar- og sveitarstjórnarkosningum. Nefndin er tengiliður sveitarstjórnar við atvinnulíf í sveitarfélaginu og fjallar í umboði sveitarstjórnar um atvinnumál eftir því sem hún lætur þau til sín taka. Jafnframt fer nefndin með fjallskilamálefni og önnur þau málefni landbúnaðarins, sem lögum samkvæmt eru á könnu sveitarstjórna.

**2. gr.**

Atvinnumálanefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndina saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað. Ef formaður fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega getur sveitarstjórn ákveðið hvort varaformaður tekur við formennsku í nefndinni eða velur annan í það hlutverk.

**3. gr.**

Helstu verkefni atvinnumálanefndar eru eftirfarandi:

- a. Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum að því marki sem hún lætur sig þau varða.
- b. Að fylgjast með þróun atvinnumála í sveitarfélaginu og hafa vakandi auga með möguleikum til fjölbreyttara atvinnulífs og atvinnutækifæra innan sveitarfélagsins.
- c. Að gefa sérstakan gaum að möguleikum og þróun í ferðaþjónustustarfsemi.
- d. Að fylgjast sérstaklega með málefnum landbúnaðarins í þeim tilgangi að stuðla að blómlegum landbúnaði innan sveitarinnar og sjá um að lögum og reglugerðum, sem um hann gilda, sé framfylgt eftir því sem við á, og er í verkahring sveitarstjórna að ábyrgjast s. s. fjallskil, forðagæslu og búfjárefirlit.
- e. Að gera tillögu til sveitarstjórnar um gjaldskrá um fjallskil og aðra þjónustu sem veitt er á vegum nefndarinnar.
- f. Að eiga samstarf við ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins þegar við á.
- g. Að fjalla um eyðingu refa og minka.
- h. Að gera tillögu til sveitarstjórnar um reglur um hunda- og kattahald og fylgjast með að þeim sé framfylgt.
- i. Að veita umsögn um ráðningu búfjárefirlitsmanns.
- j. Að eiga samstarf við Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og aðra stuðningsaðila atvinnulífsins þegar við á.
- k. Að annast önnur þau verkefni á sviði atvinnumála, sem sveitarstjórn kann að fela henni.

#### **4. gr.**

Atvinnumálanefnd tekur við þeim verkefnum sem áður voru í verkahring fjallskilanevndar og styðst í því hlutverki við erindisbréf fyrir fjallskilanevnd Eyjafjarðarsveitar frá 18. jan. 2000 m. s. br. eftir því sem við getur átt.

#### **5. gr.**

Búfjáreftirlitsmaður er starfsmaður atvinnumálanefndar í þeim verkefnum sem snúa að hlutverki hennar skv. d, e, f, g og h lið 3. gr. erindisbréfs þessa. Atvinnumálanefnd gerir tillögu til sveitarstjórnar að erindisbréfi fyrir búfjáreftirlitsmann. Erindisbréf (starfslýsing) hans frá 18. jan. 2000, sbr. einnig starfslýsingu fyrir starf á þjónustudeild Eignasjóðs Eyjafjarðarsveitar frá 22. jan. 2002, gildir þar til sveitarstjórn hefur samþykkt nýtt.

#### **6. gr.**

Atvinnumálanefnd skal setja sér verklagsreglur um framkvæmd og meðferð þeirra mála, sem snúa að eftirlitsskyldu hennar gagnvart landbúnaðinum s. s. um eftirlit með girðingum, lausagöngu búfjár, undanþágu frá fjallskilum o. fl., sem ástæða þykir til að binda í samþykktum. Verklagsreglur og samþykktir nefndarinnar öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur staðfest þær.

### **II. kafli**

#### **Fundir nefndarinnar og starfshættir.**

#### **7. gr.**

Fundir í atvinnumálanefnd skulu haldnir þegar efni liggur fyrir til umfjöllunar en þó ekki sjaldnar en 4 sinnum á ári. Skylt er að boða fund ef meirihluti nefndarmanna æskir þess.

#### **8. gr.**

Formaður boðar fund og stýrir honum. Formaður skal ávallt hafa samráð við sveitarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Einnig skal hann hafa samstarf við búfjáreftirlitsmann um málefni, sem heyra undir verksvið hans. Fundur telst löglega boðaður ef til hans er boðað með minnst tveggja sólahringa fyrirvara. Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu boðaðir með skriflegri dagskrá og skal dagskránni fylgja afrit erinda eða annarra skriflegra gagna, sem tengjast dagskrárliðum fundarins. Fundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur og ræður afl atkvæða afgreiðslu mála. Falli atkvæði að jöfnu telst mál fallið.

#### **9. gr.**

Fundir atvinnumálanefndar skulu skráðir í sérstaka fundargerðarbók eða tölvuskráðir. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum, sem gilda um skráningu fundargerða sveitarsjórnar sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar. Fundargerðarbók og öll bréf, erindi, skýrslur og skjöl, sem snerta starf nefndarinnar,

skulu varðveitt á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Þegar mál varðar einstakling skal skrá afgreiðslu þess í sérstaka trúnaðarmálabók, sem vera skal í vörslu nefndarinnar. Fulltrúar í sveitarstjórn ásamt sveitarstjóra hafa óheftan aðgang að öllum gögnum nefndarinnar nema lög ákveði annað.

#### **10. gr.**

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim, sem vegna starfa sinna í atvinnumálanefnd hafa fengið upplýsingar um mál, sem ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli þess eða lögum, hvort sem það varðar einkahagi fólks eða almannahagsmuni. Nefndarmenn skulu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu sína. Þagnarskylda helst áfram þótt nefndarmenn hætti störfum.

#### **11. gr.**

Nefndin skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert hafa skilað til sveitarstjórnar ársskýrslu um störf sín á nýliðnu ári. Sveitarstjórn getur sett nefndum sveitarfélagsins samræmdar reglur um efnistösk og niðurröðun efnis í ársskýrslu.

#### **12. gr.**

Atvinnumálanefnd leitast við að haga störfum sínum á hverjum tíma í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í málaflokknum og þann fjárhagsramma, sem honum er settur. Þá skal hún leitast við að haga störfum sínum þannig að ákvarðanir hennar nýtist í þágu sem flestra íbúa sveitarfélagsins en nefndarmenn eru þó ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu á fundum nefndarinnar.

### **III. kafli. Eftirfylgni.**

#### **13. gr.**

Til að fylgja eftir staðfestum ályktunum eða samþykktum nefndarinnar skal formaður snúa sér til búfjárefntirlitsmanns með málefni, sem snerta starfssvið hans, en annars til sveitarstjóra. Sinni búfjárefntirlitsmaður ekki fyrirmælum nefndarinnar snýr formaður sér til sveitarstjóra. Þurfi frekari eftirfylgni í málum, sem búfjárefntirlitsmaður eða sveitarstjóri fá til afgreiðslu frá nefndinni, snýr formaður sér til sveitarstjórnar.

### **IV. kafli. Réttindi og skyldur nefndarfulltrúa.**

#### **14. gr.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á ákvæði, II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar, sem staðfest var af félagsmálaráðherra 1. júlí 2002. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði. Samþykktina má finna á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og lög á vef Alþingis.

## 15. gr.

Fulltrúar í atvinnumálanefnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir, sem gilda um þá málaflokka, sem undir nefndina heyra, og samþykktir og reglur, sem sveitarstjórn hefur sett. Það á einnig við um samninga og/eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög. Í þessu samhengi er m.a. bent á eftirfarandi:

- Lög um afréttamálefni, fjallskil o. fl., nr. 6/1986, m. s. br.
- Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar, nr. 439/2002.
- Lög um búfjárhald o. fl., nr. 103/2002.
- Reglugerð um búfjárefirlit o. fl., nr. 743/2002
- Reglugerð um vörslu búfjár frá 24. jan. 2002.
- Reglugerð um merkingu búfjár, nr. 427/2002
- Búnaðarlög, nr. 70/1998.
- Girðingarlög, nr. 135/2001.
- Reglugerð um girðingar, nr. 748/2002.
- Reglugerð um girðingar með vegum, nr. 325/1995.

Þá er nefndum sveitarfélagsins er skylt og rétt að eiga með sér samstarf um verkefni, sem kunna að skarast með einhverjum hætti eða málefni gefur að öðru leyti tilefni til.

## V. kafli. Gildistaka.

## 16. gr.

Erindisbréf þetta, sem byggir á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, stjórnisýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar frá 1. júlí 2002, var afgreitt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 18. feb. 2003 til að taka þegar gildi.

Syðra-Laugalandi 23. júní 2003  
sveitarstjórinn í Eyjafjarðarsveit

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi tillaga um breytingar á samþykktum sveitarfélagsins og vísað til síðari umræðu:

Nafni atvinnumálanefndar verði breytt í Landbúnaðar og atvinnumálanefnd.

Nafni skipulagsnefndar verði breytt í skipulags- og umferðanefnd.

Skipuð verði 3 manna fjallskilanevnd sem hafi umsjón með fjallskilum.

Launanefnd verði lögð niður þar sem launanefnd sveitarfélaga fer með umboð sveitarfélagsins til samninga við samtök launþega.

Náttúrverndarnefnd verði lögð niður og verkefni hennar færð undir umhverfisnefnd.